

Ed.

64. Frumvarp

til laga um vigt á sild.

Flutningsm.: Erlingur Friðjónsson.

1. gr.

Öll sild, sem seld er bræðsluverksmiðjum til vinnslu, skal hér eftir vegin. Við vigt á sild skulu notaðar þær til hæfar vogir, er taki í einu að minnsta kosti innihald tveggja mælikera ásamt tæki því, sem sildin er vegin í. Eitt mæliker skal rúma 135 kg. af sild, og telst það verðeining.

2. gr.

Þær sem sild er vegin samkvæmt 1. gr., ber hlutadeigandi yfirvaldi að löggilda nægilega marga vigtarmenn, sem annist vigt á sildinni jafnóðum og hún er afhent kaupanda. Vigtarmenn sjá um, að vogir þær, sem notaðar eru, séu löggiltar og skoðaðar árlega, áður en byrjað er að nota þær.

3. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, frá 50 kr. til 5000 kr.

4. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin ákvæði 11. gr. tilskipunar um mælitæki og vogaráhöld, frá 13. marz 1925, að því leyti, er þau samrýmast ekki lögum þessum. Svo falla einnig úr gildi önnur lagaákvæði, sem koma í bága við þessi lög.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þetta frumvarp var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt. Ástæðan fyrir því, að það var flutt í fyrra og það er á ný fram komið, er meðal annars sú, að mjög erfitt er fyrir sildarseljendur að gera sér grein fyrir því, hvort þau mæli-

tæki, sem notuð eru við móttöku sildar, eru samkvæmt því, sem fyrir er mælt í tilskipun um mælitæki og vogaráhöld frá 13. marz 1925, en vogir eru þau áhöld, sem allir menn bera kennsl á. Enda er í frv. gert ráð fyrir svo miklu eftirliti með því, að vogirnar séu réttar, að full trygging ætti að vera fyrir því, að þær reyndust það.

Í tilskipun nm mælitæki og vogaráhöld er fram tekið í 11. gr., að mæliker þau, sem notuð séu við mælingu sildar, eigi að vera jafnvíð í op og botn. Þessu ákvæði tilskipunarinnar mun mjög óvíska eða jafnvel hvergi vera fylgt þar, sem sild er mæld, því reglan mun vera sú, að nota sem mæliker olinföt, sem sagaður hefir verið af annar botninn og lítið eitt af lengd fatsins, og reynast þessi mæliker, sem eðlilegt er, misjöfn að stærð og ónákvæm. Kom það í ljós fyrir nokkrum árum, að ein sildarbræðslustöð, sem búin var að starfa um tíu ára skeið, hafði notað mæliker, sem tóku allt að 170 lítra, án þess að eftir því væri tekið fyrir en rannsókn var gerð á mælikerunum, þó mælikerin eigi ekki að taka yfir 150 lítra. Til þess að byggja fyrir, að slík ónákvæmni geti átt sér stað, til skaða fyrir sildareigendur, er tryggasta leiðin að vigta sildina.

Visast að öðru leyti til greinargerðarinnar með frumvarpinu frá i fyrra.